

Reykjavík 14. Feb. 2023

Skipulagsráð Kópavogsbæjar
c/o Skipulagsstjóri
Bæjarskrifstofum Digranesvegi 1
200 Kópavogi.

Með bréfi þessu til Skipulagsráðs Kópavogsbæjar, vill undirritaður fyrir hönd eigenda lóðarinnar Glæsihvarfi 4, Kópavogi kanna viðbrögð skipulagsnefndar við þeirri ósk lóðarhafa um að fá **takmarkaða tilfærslu** á innri byggingarreit lóðarinnar og breyttri lögun sem þó væri „alfarið“ innan ytri byggingarreits og væri þannig innan gildandi deiliskipulagsskilmála fyrir umrædda lóð, en leyfilegt byggingarmagn er 300 ferm á umræddri lóð

Með þessarri tilhögun næst:

- við þessa breytingu verður einfaldara að uppfylla þarfir eigenda og koma fyrir rýmum fyrir fjölsk sem að samanstendur af *hjónum og 7 börnum þeirra*
- með breyttri tilhögun verður ásýnd hússins að Glæsihvarfi 4 gagnvart nágrönnum mildari, meiri fjarlægð og meira uppbrot byggingar
- óskað er eftir heimild til að vera með opið bílskýli undir hluta efra hæðar og sleppa hefðbundnum bílskúr, sjá meðf ljósmyndir frá sambærulegu verkefni
- gólfkóti húss samkv hæðarblaði og hæð húss samkv deilisk verði óbreytt

Meðfylgjandi er uppdrættir / skissur gerðar af Nordic / Sigurði Hallgrímssyni arkitekt .

Það er von undirritaðs fyrir hönd eigenda að viðbrögð við fyrirspurn þessari verði jákvæð.

Sigurður Hallgrímsson arkitekt faí.
Nordic ehf.

